

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2008 frá 5. desember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/386/EB frá 23. apríl 2008 um breytingu á viðauka A við ákvörðun 2006/679/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins og viðauka A við ákvörðun 2006/860/EB um tækniforskrift um rekstrar-samhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37i (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB) og lið 37j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 D 0386**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/386/EB frá 23. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 136, 24.5.2008, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/386/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 29.1.2009, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 136, 24.5.2008, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.